

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g

GÚTTÓ ehf
H-prent
Sílfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: halldor@bb.is

OG

JARÐAR

Fékk heilaæxli á stærð við sítrónu

Martha Sigríður Örnólfsdóttir á Ísafirði greindist í byrjun ágúst með heilaæxli á stærð við sítrónu í vinstra heilahveli. Fram að því hafði Martha ekki fundið fyrir neinum einkennum og virtist hraust á sál og líkama, 38 ára að aldri. Lífið tók skyndilega breytingum eina ágúsnótt.



— sjá bls. 12 og 13.

B3

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 10. október 2013 · 40. tbl. · 30. árg. · Ókeypis eintak



Uppsláttur við Eyri

...fyrir BÍLINN
...fyrir BÁTINN
...fyrir HEIMILIÐ
...fyrir FAGMANNINN
...fyrir PIG!

SMÍÐJAN
VERSLUN
SINDRAGÖTU 12

Hankook
driving emotion



I*CEPT W606

Nýtt umhverfisvænt kornadekk frá Hankook.

Hankook fyrir allar gerðir ökutækja!

BÍLAVERIÐ ehf.
Sindragötu 14 · S: 456 3501

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á EBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar

Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR

→ → → → → → →

Eimskip | Kornagördum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Verið að ganga á útivistarsvæði

Fimm athugasemdir bárust við deiliskipulagstillögu vegna fyrirhugaðra smáhýsa í Tungudal í Skutulsfirði en frestur til að gera athugasemdir rann út 20. september. Deiliskipulagsvinna fyrir Tungudal fór af stað í kjölfar þess að Guðmundur Tryggvi Ásbergsson óskaði eftir leyfi til að byggja tuttugu smáhýsi í dalnum og var tillaga að skipulaginu sett í auglýsingu þann 27. júní. Farið var yfir athugasemdirnar á fundi umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar 25. september og tók nefndin undir með bréfiturum að verið sé að ganga á útivistarsvæði, merkt L1 í gildandi deiliskipulagi í Tungudal. Skiptar skoðanir eru þó í nefndinni á því hvort svæðið nýtist með sama hætti og áður.

Umhverfisnefnd óskar eftir upplýsingum frá umhverfis- og eignasviði, hver stór hluti svæðis fyrir smáhýsi er í Tungudal, gagnvart útivistarsvæðinu og einnig gagnvart opnum útivistarsvæðum í Tungudal. Lína Björg



Guðmundur Tryggvi hyggst reisa 20 smáhýsi í Tungudal.

Tryggvadóttir, fulltrúi Í-lista, og Albertína Elíasdóttir, fulltrúi Framsóknarflokks, létu bóka að taka þurfi útivistarsvæðið í

Tungudal í heild og deiliskipuleggja til að móta stefnu sveitarfélagsins um framtíð svæðisins áður en afstaða er tekin til tillög-

unnar. Lína Björg tók einnig fram að hún sé ekki á móti smáhýsa-byggð af þessu tagi en telur þó að taka þurfi útivistarsvæðið í

heild og deiliskipuleggja.

Þá svaraði nefndin einnig athugasemdum Magdalenu Sigurðardóttur sem sendi bæjaryfirvöldum sömu spurningar og hún birti í opnu bréfi til bæjarbúa á bb.is. Í svörum kemur meðal annars fram að nefndin telji heppilegast að gerður verði lóðaleigusamningur fyrir svæðið í heild og hann verði tímabundinn til að hámarki 15 ára. Fasteignagjöld verða greidd af húsunum eins og af öðrum húsum í sveitarfélaginu. Þá segir nefndin að framkvæmdaraðili greiði kostnað við tengingu við vatnsveitu samkvæmt gjaldskrá Ísafjarðarbæjar, kostnað vegna frárennslis og rotþróa og fyrir sorphirðu og förgun. Leggur nefndin til að kveðið verði á um í samningi að framkvæmdaraðili standi straum af kostnaði við snjómokstur og að nauðsynlegt sé að sett verði ákvæði í samning um að ekki verði heimilt að selja einstök hús úr heildinni. – harpa@bb.is

Jólahlaðborð á Hótel Ísafirði

30. nóvember, 7. og 14. desember

Við leggjum metnað okkar í að hafa réttina heimalagaða og nýta sem mest hráefni sem byggðin okkar hefur upp á að bjóða

Jólahlaðborð barnanna 15. desember

Jólasveinar koma í heimsókn, syngja með okkur og gefa góðgæti, möndlugjöf fyrir heppna gesti.

Upplýsingar í síma 456 4111 og á vidpollinn.is

VIÐ POLLINN

Veitingar á Hótel Ísafirði

HÁDEGISVERÐARTILBOÐ Á HÓTEL ÍSAFIRÐI

Föstudagur

Á morgun er **pizzudagur**, Matarmikil pizza og nettur eftirrættur á kr. 1900-

Klippikort

í hádegismat, fjórða hvert skipti er frítt. Gildir til 15. nóvember



Bygging stöðvarhúss hafin

Bygging húss fyrir varaafstöð Landsnets í Bolungarvík er hafin, en áætlað er að henni verði að mestu lokið í vor, en fullfrágengin haustið 2014. Um er að ræða sambyggt tengivirki og varaafstöð, en tengivirki sem fyrir er í Bolungarvík er á snjóflóðahættusvæði og verður því fært. Áætlað er að verkið í heild muni kosta um einn og hálfan milljarð, en stefnt er að því að stöðin verði tekin í notkun í október á næsta ári.

Íslenskir aðalverktakar annast byggingu hússins, en Potan ehf. sér um jarðvinnu til undirbúnings. Ekki hefur verið gengið endanlega frá samningum um uppsetningu tækjabúnaðar, annars vegar vegna tengivirkis og hins vegar varaafstöðvar, en þeir eru á lokastigum samkvæmt upplýsingum frá Landsneti.

Með byggingu varaafstöðvarinnar er ætlunin að tryggja orkuafhendingu á norðanverðum Vestfjörðum, en hún hefur lengi þótt afar örugg. Stöðin verður sjálfvirk, og í skoðun er að setja þar upp búnað til að gera henni kleift að veita rafmagn á meðan vélar hennar keyra sig upp, þannig að straumur detti ekki út á meðan.

– herbert@bb.is

NÝR ÍSLANDSVINUR!

DACIA DUSTER bsk.
ALVÖRU 4x4 DÍSIL SPORTJEPPI á frábæru verði



Kr. 3.990 þús.
DÍSIL **5,3L**/100 KM*

Lykillinn að vinsældum Dacia í Evrópu er einfaldur: rúmgóður og áreiðanlegur bíll á góðu verði. En hvernig er hægt að bjóða svona veglegan bíl á svona hagstæðu verði? Jú með því láta einkis ófreistað við að einfalda alla hönnun eins mikið og hægt er án þess að gefa eftir í gæðum og staðalbúnaði.

Þrátt fyrir ólíkar langanir og óskir gerum við svipaðar grunnkröfur til bíla og það er einfaldlega haft að leiðarljósi við hönnun Dacia. Við smíði Dacia Duster er auk þess notast við íhluti sem hafa verið reyndir í öðrum bílum sem Nissan/Renault samsteypan framleiðir og reynst hafa vel auk þess sem reynt er að lágmarka tæknibúnað við það sem talið getur nauðsynlegt að bjóða.

Dacia bílar eru einfaldir að allri gerð og hagkvæmir í rekstri og af þeim sökum **völdu þýskir bíleigendur Dacia næst vinsælasta framleiðandann á eftir Audi og á undan Mercedes-Benz í könnun J.D. Power Customer Satisfaction fyrir árið 2010.**

Nánari upplýsingar í síma 525 8000 eða með tölvupósti á dacia@dacia.is



www.dacia.is
www.facebook.com/dacia.is

BL ehf / Sævarhöfða 2
110 Reykjavík / Sími 525 8000



*Eldneitsnotkun í blönduðum akstri upp gefið frá framleiðanda.



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
Herbert Snorrason, 846-3971, herbert@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Sinnuleysið er sínu verst

Oft hefur BB klífað á því að bæjaryfirvöld verði að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að laða fjármagn til bæjarins, liðka fyrir fjárfestingum sem leitt gætu af sér atvinnu og tekjur fyrir bæjarfélagið. Ella blasir við stöðnun og í kjölfarinu bíður hnignun. Það kann að vera dyggð, ein og sér, að una glaður við sitt og láta sér fátt um finnst um allt brambolt, eins og það er stundum kallað, þegar menn fara ótroðnar slóðir.

Umsókn Guðmundar Tryggva Ásbergssonar, ungs ísfirðing, sem sýnt hefur vilja til að láta til sín taka, við að skjóta frekari stöðum undir fjölbreytni við móttöku ferðamanna í Ísafjarðarbæ, með byggingu 20 smáhýsa í Tungudal, hefur mátt lúta örlögum, seinagangs og sinnuleysis.

Tæpt ár er síðan bb.is gat þess að Guðmundur Tryggvi hefði sótt um leyfi til byggingu smáhýsa í Tungudal og birtar voru myndir af grunnteikningum húsanna. Að baki umsóknarinnar lá langur undirbúningur, sem ekki er annað vitað en að bæjaryfirvöld hafi haft pata af. Ljóst er því að nokkurra ára og kostnaðarsamur undirbúningur liggur að baki. Þrátt fyrir þennan tíma er enn, með einum og öðrum hætti, verið að velja sér upp úr algjörum aukaatriðum, eins og með hvaða hætti lóðaleiga verði innheimt, hvort fasteignagjöldum verði skipt niður á hvert og eitt hús, eða ekki, hver borgi hitt og þetta, svo dæmi séu tekin af atriðum sem bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er fullmektug til að afgreiða þegar komist hefur verið að kjarna málsins: skipulagi, staðsetningu og útliti húsanna. Þetta eru höfuðatriðin. Hvernig á öðrum þáttum málsins verður tekið hefur réttkjörin bæjarstjórn alfarið í hendi sinni og ætti að vera til þess treystandi að gæta hagsmuna bæjarfélagsins. Til slíkra verka var hún kjörin.

Eitt af megin rökunum gegn sumarhúsunum er að verið sé að ganga á útivistarsvæðið og spurningin snúist um hvort það nýtist eftirá með sama hætti og áður? Spyrra má á móti: Hver hefur nýtingin verið? Er verið að fórna einhverjum ósköpum? Liggur ekki fyrir að til allra framfara verður einhverju að fórna?

Hvort orðið er of seint að höggva á hnútinn, skal ósagt látið. Má bæjarfélagið við því? Svari því hver fyrir sig. Sinnuleysið er sínu verst. Það gengur ekki að mál, líkt og það sem hér hefur verið gert að umtalsefni, velkist í kerfinu árum saman. Það er vísasta leiðin til að hrekja menn frá því að koma með peninga til fjárfestinga í bænum. Það hlýtur að vera takmark okkar allra, þótt á því séu að sjálfsgöðu takmörk eins og öllu öðru; takmörk sem lúta að almennum lögum og reglum, sem öllum ber að fara eftir.

Að hika er sama og tapa. Í mörgum tilfellum er heiðarlegra að segja nei, í stað þess að eyða tíma og fjármunum í gagnlausar vangaveltur, sem vitað er að skila engri niðurstöðu.

— s.h.

Spurning vikunnar

Ertu samþykkt(ur) byggingu 20 smáhýsa í innanverðum Tungudal?

Alls svöruðu 1.022

Já sögðu 471 eða 46%

Nei sögðu 442 eða 43%

Hlutlausir voru 109 eða 11%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Styrkafinn Kristján Skúli Ásgeirsson skurðlæknir og Haukur Oddsson, formaður stjórnar Minningarsjóðs Margrétar Oddsdóttur, bróðir Margrétar, ásamt sonum hennar, þeim Oddi Birni Jónssyni og Sigurði Árna Jónssyni.

Fyrsta styrkveiting úr Minningarsjóði Margrétar Oddsdóttur

Minningarsjóður Margrétar Oddsdóttur veitti á fæðingardegi hennar á fimmtudag í síðustu viku sinn fyrsta styrk, en hlutverk sjóðsins er að styrkja skurðlækningar við brjóstakrabbameini á Landspítala. Styrkþeginn var Kristján Skúli Ásgeirsson skurðlæknir.

Margrét var upprunnin á Ísafirði, dóttir hjónanna Magdalenu Sigurðardóttur og Odds Péturssonar, fædd 3. október 1955, dáið 9. janúar 2009. Hún var prófessor í skurðlækningum við læknaeild Háskóla Íslands og varð 2001 fyrsti yfirlæknir skurðlækningadeildar Landspítala eftir sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík

árið áður. Margrét var frumkvöðull í kvíðsjárskurðlækningum hér á landi og naut alþjóðlegrar virðingar fyrir störf sín.

Styrkurinn sem Kristján Skúli hlaut nam 550.000 krónum og var veittur til þrenns konar verkefnis. Í því felst eftirtalið:

1. Uppfærsla á fræðsluvefnum skurðlækninga-brjóstakrabbameina.is

2. Kaup á fræðsluefni fyrir sjúklunga sem þurfa að fara í skurðaðgerð vegna brjóstakrabbameins

3. Ferðastyrkur til námsdvalar á Háskólasjúkrahúsinu í Helsinki til að læra nýja tegund brjóstauppbýggingar eftir brjóstnám

Fyrirhugað er að styrkir úr sjóðnum verði framvegis veittir á fæðingardegi Margrétar þann 3. október ár hvert.

Minningarsjóður Margrétar Oddsdóttur var stofnaður á fæðingardegi hennar 3. október 2010 en þá hefði hún orðið 55 ára. Að undirbúningi stofnunar sjóðsins stóðu fulltrúar lækna og hjúkrunarfræðinga sem annast skurðmeðferð brjóstakrabbameins, fulltrúar Bættum ein-stök brjóst og ættingjar Margrétar. Fjáröflun sjóðsins felst m.a. í sölu bæði minningar- og afmæliskorta á vefnum www.maggaodds.is, en þar er jafnframt er fjallað nánar um Margréti, ævi hennar og störf.

Tryggingagjaldið er refsigjald til ríkisins

Fjárveiting til jöfnunar flutningskostnaðar á landsbyggðinni fellur niður ef marka má fjárlagafrumvarpið, en samkvæmt heimildum í fjármálaráðuneytinu liggur þó ekki fyrir að svo verði endilega. Ríkið hefur lagt fram fé í þessu skyni síðustu árin, á þessu ári tæpar 200 milljónir króna. Tilgangurinn er að jafna flutningskostnað framleiðslufyrirtækja og bæta þannig samkeppnisstöðu framleiðenda úti á landi. Hæstu styrkirnir hafa farið til Vestfjarða þar sem flutningskostnaður er mestur. „Þessi flutningsjöfnun hefur ekki skilað miklu til

okkar. Núna hafa verið teknar upp skipaferðir sem eru miklu meiri búðót en flutningsjöfnunin,“ segir Jóhann Jónasson, framkvæmdastjóri 3X Technology á Ísafirði.

Jóhann segir hins vegar að tryggingagjaldið sé það sem standi hvað verst í hálsinum á hans fyrirtæki og á litlum og meðalstórum fyrirtækjum yfirleitt. „Við erum að borga sjö prósent refsigjald til ríkisins ofan á laun hvers starfsmanns og það virkar ekki hvetjandi á atvinnurekendur að bæta við sig starfsfólki,“ segir hann, og bætir við að algengt sé

hjá litlum til meðalstórum fyrirtækjum að launahlutfallið sé almennt 30-50% af veltu þeirra. Til samanburðar segir Jóhann að stórfyrirtæki eins og álfyrirtækin og fleiri fyrirtæki séu með kannski tvö til þrjú prósent launahlutfall af veltunni og því hafi þetta minni áhrif á þau.

„Menn geta alveg ímyndað sér hvaða áhrif hækkun tryggingargjaldsins frá fyrri ríkisstjórn hafði á rekstur lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þetta er ekkert annað en ofurskattlagning og refsing á fyrirtækin í landinu,“ segir Jóhann.



NÝ SLÁTRAD

FERSKUR HÁLFUR LAMBAHRYGGUR LUNDAPARTURINN

ISLANDS LAMB

1898
krónur kg

SÉRSKORIÐ LAMBALÆRI
ÞAR SEM EFSTI HLUTI MJADMABEINS OG RÓFU-BEINIÐ ER SKORIÐ FRÁ OG ÞVÍ ER MEIRA KJÖT OG MINNA BEIN Á LÆRINU!

FERSKT SÉRSKORIÐ LAMBALÆRI

1459
krónur kg

NÝ SLÁTRAD

ISLANDS LAMB

1598
krónur kg

STJÖRNUGRÍS FERSKAR GRÍSA LUNDIR

598
krónur kg

STJÖRNUGRÍS FERSKUR GRÍSA BÓGUR



198
krónur 4 stk

BÓNUS NÝBAKAÐIR KORNKUBBAR ALLAR TEG.

239
krónur 770g

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770gr

Súkkulaði IS 2
BONUS

398
krónur 2 ltr.

Vanilla IS 2
BONUS

398
krónur 2 ltr.

JARÐARÞERJA IS 2
BONUS

398
krónur 2 ltr.

BRAGÐAREFUR 2
BONUS

498
krónur 2 ltr.

FERSK LAMBALIFUR

NÝ SLÁTRAD

ISLANDS LAMB

295
krónur kg

FERSK LAMBAHJORTU

NÝ SLÁTRAD

ISLANDS LAMB

295
krónur kg

pepsi

198
krónur 2 ltr

pepsi MAX
maximum kick no sugar

98
krónur 2 ltr

toppur
LÉTT KOLSDRÖG

198
krónur 1.5 ltr

Coca-Cola

Blakknes og Kampi stoð og stytta IFE

„Það gengur ágætlega hjá okkur. Við erum þessa dagana að senda út fyrstu sendingarnar og bíðum eftir viðbrögðum frá viðskiptavinum. Nú þegar höfum við fengið nokkur og þeir eru ánægðir,“ segir Þorsteinn Músson hjá Icelandic Fish Export, sem er ung sprotafyrirtæki í Bolungarvík í eigu Þorsteins og eiginkonu hans,

Katrínar Pálsdóttur. Fyrirtækið flytur út fisk sem veiddur er af bátum Einari Hálfðáns ÍS, sem er í eigu Blakknes ehf. Fiskurinn hefur þá sérstöðu að neytendur geta rakið fiskinn með snjalltækjum sínum eða tölvum og sé hvar, hvenær og hvernig fiskurinn var veiddur.

„Við þurfum að gera smávægi-

legar tæknilegar breytingar og vinna meira í aðgengismálum. Síðan höldum við áfram að kynna verkefnið og koma okkur áleiðis. Við vissum það í upphafi að það er ekkert hlaupið inn á þessa markaði. Góðir hlutir gerast hægt. Það hefur orðið okkur til mikils láns hve Blakknes, sem á bátinn og Kampi ehf., sem vinnur fiskinn

fyrir okkur, hafa reynst okkur vel frá byrjun. Þessi fyrirtæki hafa verið okkur stoð og stytta í þessu ferli og við værum ekki nærri þeim sporum sem við erum í dag ef ekki væri áhugi og velvild þeirra,“ segir Þorsteinn.

Kampi hefur tilkynnt um endurskipulagningu í rekstri vegna væntanlegs frumvarps sjávarút-

vegsráðherra um kvótasetningu í úthafsækju. Þorsteinn segist hafa áhyggjur af því líkt og aðrir. „Ef þetta frumvarp fer í gagn þýðir það að það mun hrikta hressilega í stoðum atvinnulífs á Vestfjörðum. Við trúum því ekki að af þessu verði og vonum það besta,“ segir Þorsteinn.

– harpa@bb.is

Innheimtustofnun opnar á Ísafirði

Starfsstöð Innheimtustofnunar sveitarfélaga á Vestfjörðum hefur flust um set, og er nú á fyrstu hæð Stjórnsýsluhússins á Ísafirði. Starfsstöðin var áður á Flateyri, en nauðsynlegt reyndist að fá stærra húsnæði. Auglýst var eftir húsnæði, en stjórn stofnunarinnar valdi Stjórnsýsluhúsið úr nýu tilboðum sem bárust. Starfsmenn stöðvarinnar voru fjórir á Flateyri.

„Það er búið að fjölga starfsmönnum um tvo, en þeir hófu báðir störf á þriðjudag,“ segir Bragi R. Axelsson, forstöðumaður starfsstöðvarinnar. „Það er mikil ánægja með nýtt húsnæði, við teljum að það muni fara vel um okkur hér. Vonir okkar eru til þess að hægt verði að fjölga í framtíðinni. Upphaflega var gert ráð fyrir að hingað kæmu sex til átta störf, og það hefur í sjálflu sér ekkert verið endurskoðað. Við vonum að það verði að minnsta kosti hægt að fjölga í þessa átta.“

Stefnt hefur verið að því að



Ný starfsstöð Innheimtustofnunar sveitarfélaga á Ísafirði.

fjölga í starfsstöðinni á Vestfjörðum eftir því sem störf losna hjá stofnuninni, en engin ákvörðun hefur verið tekin um að breyta því.

– herbert@bb.is

Vinna að þjóðlegum hnallpórum

Guðfinna Hreiðarsdóttir og Jóna Símónía Bjarnadóttir á Ísafirði gáfu út bók fyrir um ári sem ber heitið Þjóðlegt með kaffinu. Bókin hefur selst afar vel og verið þýdd yfir á fjögur tungumál. Þær stöllur vinna nú að útgáfu næstu bókar, Þjóðlegar hnallpórir. „Salan á fyrstu bókinni hefur gengið ljómandi vel og hún var að koma út á frönsku nú í sumar en fyrir var hún til á dönsku, þýsku, ensku og svo að sjálfsögðu íslensku. Einnig erum við að láta þýða hana á ítölsku. Samtals hefur hún selst í um 5000 eintökum og við erum sífellt að prenta fleiri.

Nú vinnum við að næstu bók okkar en í henni einbeitem við okkur að gamaldags hnallpórum, svona alvöru eins og húsmæður fyrrum báru fram við hátíðleg tækifæri,“ segir Guðfinna. Fyrsta bókin, og sú næsta, eru hugsaðar fyrst og fremst fyrir farþega skemmtiferðaskipa sem streyma um landið á sumrin. „Við Jóna vorum að velta fyrir okkur hvað farþegarnir eru til í að kaupa. Það verður að vera eitthvað sem hentar þeim, eitthvað sem höfðar til þeirra. Okkur datt því í hug



Það er varla til þjóðlegri hnallþóra en Dísudraumur.

þessi mjög svo þjóðlega bók, sem er lítil og meðfærileg og tekur ekkert pláss í farangri. Svo er auðvitað gömul saga og nú að leiðin að hjarta mannsins liggur í gegnum magann,“ segir hún glettin.

Aðspurð hvenær má eiga von á hnallþórubókinni segir Guðfinna það vera óljóst, þó líklega ekki á þessu ári. „En við erum búnar að baka nokkrar sem verða í henni, meðal annars rjómatertu og Dísudraum. Við erum með fésbókarsíðu sem heitir það sama

og fyrsta bókin, Þjóðlegt með kaffinu, og þar má sjá myndir af hnallþórunum við erum búnar að baka. Einnig er að finna þar uppskriftir og myndir af ýmsu öðru þjóðlegu bakkelsi og myndir og upplýsingar um antik postulín. Tínum þetta inn svona við og við,“ segir hún. Það er sannarlega þess virði að kíkja á síðuna þeirra og ekki laust við að blaðamaður þurfi að þurka dulítið úr munnvikunum eftir að hafa litið þar inn.

– harpa@bb.is



Stuðningsfulltrúi

Vegna óviðráðanlegra orsaka vantar okkur stuðningsfulltrúa til starfa í Súðavíkurskóla sem fyrst. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi FosVest.

Áhugasamir hafi samband við Önnu Lind Ragnarsdóttur, skólastjóra í síma 893 4985 eða á netfangið annalind@sudavik.is.

Aðalfundur

Norræna félagið í Bolungarvík og Ísafjarðarbæ heldur aðalfund í Grænlandssetri, Vitastíg 1, Bolungarvík laugardaginn 12. október kl. 16:00. Nýir félagar velkomnir.

Norræna félagið.

YFIRBURÐA GRIP

LÍMIR & ÞÉTTIR NÁNAST HVAÐ SEM ER



Einstaklega heppilegt lím og þéttiefni þar sem það hefur viðloðun við nánast hvað sem er, innandyr eða utan.

STIXALL virkar á:

Gler
Marmara
Trefjaplast
Spegla
Harðplast

Granít
Gífs
Flísar
Náttúrustein
Alla málma

Múrstein
Keramík
Timbur
Steypu
Þakplötur

STIXALL hefur alla þessa kosti... og fleiri til:

Mikil viðloðun
Má nota í bleytu
Leysiefnafrítt
Yfirmálanlegt
Myglufrítt
Mjög gott efnaviðnám

Ótrúlegt grip, rennur ekki
Mikið vatns- og veðrunarþol
Má nota utan- sem og innandyr
Varanlega teygjanlegt
Mikið hita og kuldapól

STIXALL virkar líka í bleytu!



Litir:

Hvítur
Svartur
Grár
Brúnn
Glær

Stærðir:

300ml
80ml

Stixall fæst hjá...

Málningarbúðin

Sindragötu 14
400 Ísafirði

Ísafirði

Vélvirkinn sf.

Aðalstræti 13-15
415 Bolungarvík



PRISTUR

Sindragötu 8
400 Ísafirði

Ólíðandi að atvinnuöryggi sé háð illa ígrunduðum ákvörðunum

„Það er ólíðandi að atvinnuöryggi félagsmanna okkar og íbúa á Vestfjörðum sé háð illa ígrunduðum ákvörðunum stjórnvalda eins og boðuð kvótasetning rækjuveiða í úthafinu ætlar að reynast,“ segir í ályktun sem stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga hefur sent frá sér vegna hópuppsagnar starfsfólks rækjuverksmiðjunnar Kampa ehf. en 32 starfsmönnum fyrirtækisins á

Ísafirði hefur verið sagt upp vegna óvissu í hráfnisöflun og framtíðarfyrirkomulagi rækjuveiða. Rætt hefur verið um kvótasetningu úthafs rækju að nýju, og hljóti þá fyrri kvótaeigendur 70% en nýir aðilar um 30%. Forsvarsmenn Kampa hafa lýst því yfir að rekstur Kampa í núverandi mynd yrði þá útilokaður.

Rækjuveiðar voru gefnar frjálsar árið 2010, en þá hafði rækju-

kvóti ekki verið nýttur nema að litlum hluta um árabíl. Líkur eru taldar á að það mynstur endurtaki sig. „Ætla má að kvótasetning úthafs rækju leiði til mikilla hækkana á nýtingarstuðli rækju-aflamarks. Slíkt mun ýta undir að rækjan verði notuð sem skiptimynd fyrir þorskaflaheimildir og allt á kostnað rækjuveiða og vinnslu. Sú mikla uppbygging og fjölgun starfa sem hefur orðið í

rækjuveiðum og vinnslu undanfarin ár mun að öllum líkindum tapast ef af fyrirhuguðum breytingum verður. Hætt er við að afleiðingarnar verði vestfirsku samfélagi dýrkeyptar og jafnvel óafturkræfar.“ Talið er að heildarfjöldi starfa vegna rækjuvinnslu Kampa ehf., í vinnslunni, tengdum útgerðum og afleiddum störfum, nái langt á annað hundrað. „Meginstoð atvinnulífs á Vest-

fjörðum byggir á sjávarútvegi. Inngríp stjórnvalda í grunnatvinnuveg okkar Vestfirðinga hafa í gegnum tíðina kippt fótunum undan heilu byggðarlögum og valdið óbætanlegum skaða í sumum tilfellum. Því miður virðist ekkert lát verða á slíkum gjörningum, vestfirskum byggðarlögum til stórfellds skaða,“ segir í ályktuninni.

– herbert@bb.is

Byggir bílaskemmu

Fyrsta skóflustungan að nýrri bílaskemmu Vestfirskra ævintýraferða var tekin í síðustu viku. Um er að ræða 600 m² hús sem staðsett verður milli Bílaversins og Eimskips við Sundahöfn. Bílar félagsins hafa verið geymdir í leiguhúsnæði á þremur stöðum, en ætlunin er að færa alla starfsemi í nýja húsið en ekki fundið neitt sem getur tekið bíla sem eru 4,20 metrar á hæð. Þetta var eini kosturinn, skásti kosturinn í stöðunni eins og hún er í dag. Við erum stolt af því að byrja, eftir svona langt hlé á byggingu iðnaðarhúsnæðis á Ísafirði,“ segir Trausti Ágústsson, einn eigenda fyrirtækisins.



Hjónin Helga Héðinsdóttir og Trausti Ágústsson undirbúa fyrstu skóflustunguna.

Ekki svo öllum líki

Fjárlög næsta árs, 2014, eru komin fram. Þau eru þrátt fyrir allt athyglisverð. Ljóst er að ekki er unnt að gera öllum til hæfis. Sumt er gott annað er vont. Oftast fer matið eftir því hvar hagsmunir þess, er tjáir sig, liggja. Einum finnst þolanlegt það sem öðrum finnst út í hött. Hið besta við frumvarp til fjárlaga er þó að væntanlegum fjárlögum er ætlað að verða hallalaus. Ef svo verður er það frábær árangur. En það er langur vegur í land. Af þeirri gagnrýni sem kemur frá þingflokki stjórnarandstöðu á Alþingi má ráða að hart kunni að verða deilt um einstök ákvæði í frumvarpinu. Niðurskurður er eðlilegur þegar „heimilið“ á hvorki fyrir fjárfestingu, útgjöldum né skuldum. Það er hinn kaldri veruleiki sem blasir við Íslendingum á haustdögum 2013. Sérstaka athygli vekur þó að Ríkisútvarpinu er, að því best verður séð, ekki ætlað að spara og skera niður. Skattur á almenning til þessa tímaskakka útvarps ríkisins hækkar. Slíkt hrópar á margan skattgreiðandann á sama tíma og greiða þarf 1200 krónur fyrir hvern legudag á sjúkrahúsi.

Sem fyrr segir er það háleitt markmið að fjárlögum og þar með rekstri ríkisins skuli ætlað að vera hallalaus. En hvað þýðir það að fjárlög séu hallalaus? Einfaldlega að ríkisrekstri tiltekið fjár-

lagaár, í þessu tilviki árið 2014, sé ætlað að safna ekki skuldum. Skuldir íslenska ríkisins eru það háar að brátt slaga vaxtagjöld af þeim ár hvert í 100 milljarða. Það sýnir hversu mikilvægt og árið-andi það er að ná tökum á ríkisrekstri. Fjárlög eru leiðarvísirinn. Alþingi fer með afar mikilvægt vald þegar fjárlög eru samþykkt. Því valdi fylgir mikil ábyrgð og stundum hljómar tal stjórnmálamanna, einkum stjórnarandstöðu hvers tíma, eins og viðkomandi hafi ekki snefil af ábyrgðartilfinningu og viti ekki að honum er ætlað að vinna í þágu heildarinnar. Hún þarf þó að skilja hvers vegna ákvarðanir eru teknar með þeim hætti sem raun reynist.

Á þessum vettvangi hefur oft verið vikið að því að hina norrænu velferð, sem fyrri ríkisstjórn lofaði við upphaf stjórnarsetu sinnar, þurftu flestir að sækja til Norðurlandanna. Það er ekki góður kostur. Ekki má gleyma að samkvæmt nýrri skýrslu Sameinuðu Þjóðanna er Ísland í 9. sæti yfir þau ríki sem best er að vera gamall í. Hinu er ekki að leyna að margt hefur látið undan í heilbrigðismálum og nú standa fyrir dyrum sameiningar heilbrigðisstofnana. Þær eiga að verða 3 í stað 9. En þegar ekki er til fyrir öllu lætur eitthvað undan. Í fjárlögum hefði mátt fækka „bíóferðum“ (skemmtunum) enn frekar. En enginn gerir svo öllum líki.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vak- ið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Vetrarplan Studio Dan 2013

Klukkan	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Klukkan	Laugardagur	Sunnudagur
05:50		Boltaleikfimi Kolbrún			Boltaleikfimi Kolbrún	09:00	Ofurprek Árni	
06:10	Power-Púl Ingibjörg		Power-Púl Ingibjörg	Power-Púl Ingibjörg		10:00		
06:30	50+ Hilmar/Stebbi		50+ Hilmar/Stebbi		50+ Hilmar/Stebbi	11:00		
07:10	Power-Púl Ingibjörg		Power-Púl Ingibjörg	Power-Púl Ingibjörg		12:00		
08:00	Túrbótími Þórdís		Túrbótími Þórdís		Túrbótími Þórdís	13:00		Opið
12:00	Spinning Svala		Spinning Svala	Spinning Svala		14:00		Opið
16:00	Ketilbjöllur 1 Kolbrún		Ketilbjöllur 1 Kolbrún			15:00		Opið
17:00		Ofurprek Árni		Ofurprek Árni		16:00		Opið
18:00		Ketilbjöllur 2 Kolbrún						
18:15	Power-Púl Ingibjörg		Power-Púl Ingibjörg	Power-Púl Ingibjörg				
19:15				Ketilbjöllur 2 Kolbrún				
20:00	Power-Púl Ingibjörg		Power-Púl Ingibjörg	Power-Púl Ingibjörg				

Opið alla virka daga frá kl. 05:45 til kl. 21:00, laugardaga frá kl. 10:00 til 16:00 og sunnudaga frá kl. 13:00 til 16:00



Ráðgjafa- og nuddsetrið ehf

Sími: 899 6698

Nudd er allra meina bót

Stefán Dan

Árni Heiðar Ívarsson - íþróttakennari og einkabjálfi
 Sími: 895 9241 Netfang: arniv@isafjordur.is
 Hrafnhildur Ýr Rafnsdóttir - einkabjálfi
 Sími: 849 8689 Netfang: hrabbayr@gmail.com
 Ingibjörg Óladóttir - ÍAK - einkabjálfi
 Sími: 867 0374 Netfang: ingibjorgiak@gmail.com
 Kolbrún Fjóra Arnarsdóttir - íþróttifræðingur
 Sími: 845 7242 Netfang: kfa81@hotmail.com
 Sigrós Fossdal - ÍAK - einkabjálfi
 Sími: 866 9049 Netfang: fossdal@hotmail.com
 Hilmar Pálsson íþróttakennari
 Sími: 867 2973 Netfang: hafraholt@simnet.is

ÞJÁLFARAR



Axel Baldvinsson og Halldóra Pétursdóttir.

Kemur ekki til álita

„Þetta er óljóst mál,“ segir Björn Davíðsson hjá tölvuþjónustunni Snerpu á Ísafirði um lögbannsbeiðni réttthafasamtaka gegn fjarskiptafyrirtækjum. „Okkur hefur ekki verið gert viðvart á nokkurn hátt, og þá hefur það ekki áhrif á okkur. Ég veit ekki meira en komið hefur fram í fréttum. Þetta kemur ekki til álita hér, en ef þessu væri beint gegn okkur þá vissum við af því. Samkvæmt lögum verður ekki lagt á okkur að vakta tengingar viðskiptavina, og það hefur aldrei staðið til hér. Fólk hefur þau réttindi að ekki sé verið að fylgjast með því.“

Í tilskipun Evrópusambandsins um rafræn viðskipti er tekið fram í 15. grein, að netþjónustuaðilum beri ekki skylda til að fylgjast með fjarskiptum viðskiptavina sinna eða tryggja að ekkert ólöglegt athæfi fari fram. Íslenska ríkið er skuldbundið til að leiða tilskipunina í lög, og því erfitt að sjá að lögbann af því tagi sem um ræðir standist lög, að mati Björns. — herbert@bb.is

Taka við Víkurbúðinni í Súðavík

Halldóra Pétursdóttir og Axel Baldvinsson hafa tekið við rekstri Víkurbúðarinnar í Súðavík en bæði henni og veitingastaðnum Jóni Indíafara var lokað í byrjun september vegna rekstrarörðugleika. Þá sá fyrri rekstraraðili einnig um rekstur og eldamennsku fyrir mötuneyti Súðavíkurskóla.

„Okkur líst rosalega vel á þetta. Við tökum við þessu öll fjölskyldan og gerum þetta í sameiningu. Svo höfum við líka fleira gott fólk í kringum okkur sem er alltaf tilbúið að hjálpa, Súðavíkingar standa við bakið á sínu fólki

enda verðum við að hafa verslun hérna þó við séum ekki stórt bæjarfélag,“ segir Halldóra.

Veitingastaðurinn Jón Indíafari er inni í rekstrinum sem þau taka nú yfir og segir Halldóra að þau stefni að því hafa opið þar öðru hvoru í vetur en það verði auglýst síðar. Verslunin var opnuð á ný á laugardaginn. Um helgar verður opið frá klukkan 11 til 17 á laugardögum en lokað á sunnudögum. Alla virka daga verður opið frá klukkan 9.30 til 18.

„Þau tóku þetta mikilvæga verkefni að sér og stofnuðu nýtt

rekstrarfélag utan um þetta. Halldóra er kunnug þessu rekstrarumhverfi en hún var að vinna í versluninni þegar Óskar Elíasson var með hana á sínum tíma og hefur svo verið starfsmaður í Súðavíkurskóla, þannig að hún þekkir alla þessa verkferla og umhverfi vel, sem er góður kostur. Það er líka komið samkomulag við hana um rekstur mötuneytisins, kaup á lagernum og leigu á húsnæðinu,“ segir Ómar Már Jónsson sveitarstjóri, stjórnarmaður Grundarstrætis ehf. sem er eigandi Álfthvers, húsnæðisins sem hýsir Víkurbúðina.

„Það er vert að nefna að það er mánuður frá því rekstri Víkurbúðarinnar var hætt og þar til hann fór í gang aftur og framhaldið ræðst í sjálfu sér af afstöðu íbúanna til þess að hafa verslun á staðnum. Við vitum það að í litlum samfélögum skiptir mestu máli, að ef við viljum hafa slíka þjónustu, þá ber okkur skylda til að nýta hana að minnsta kosti að einhverjum hluta. Ég ber vonir um það að þessi nýi rekstraraðili reki farsæla starfsemi og það skapist góð sátt um þetta fyrirkomulag sem þarna er búið að innsigla,“ segir Ómar.

Sælkeri vikunnar er Sigurbjörg Guðmundsdóttir á Ísafirði

Sjávarsalat og kjúklingaréttur

Ég ætla að bjóða lesendum BB upp á þrjá rétti, forrétt, aðalrétt og eftirrétt.

Sjávarsalat með sinnepssósu

200 g humarhalar
1-2 lárperur (avocado)
1 stór mangóávöxtur
200 g stórar rækjur
Sinnepssósa
1 dl ólífuolífa
2 tsk franskt sinnep
1 msk edik
1 msk hunang, glært
1 tsk rifin engiferrót eða ½ tsk engiferkrydd
1 msk saxaður graslaukur
Salt og pipar

1. Klippið upp humarhalana (undir) með skærum. Við það losnar kjötið auðveldlegar frá skelinni eftir suðu.

2. Setjið humarhalana í sjóðandi saltvatn, hleypið upp suðu og látið sjóða í þrjár mínútur. Takið strax upp úr. Skelflettið humarinn og kælið.

3. Skerið lárperu í tvennt, fjarlægjið stein og afhýðið. Skerið í sneiðar. Kreistið sítrónusafa yfir.

4. Afhýðið mangóávöxtinn og skerið í þunna báta.

5. Raðið lárperu- og mangó-sneiðum á forréttardiska og humar og rækjum til hliðar. Sinnepssósa

6. Setjið hráefnið í krukku og hristið saman. Látið standa augnablik og hellið síðan yfir salatið.

Berið fram með brauði. Uppskrifin er handa fjórum.

Kjúklingaréttur Ninnu ömmu

4-8 kjúklingabringur
3-4 dl appelsínusafi
4 msk gulrótar- og appelsínusafa
2 msk soya sósa
2 msk balsamic edik
2 msk tómatsósa
2-3 tsk karri
2 tsk kjúklingakraftur
Sítrónupipar
Salt
Rjómi

Kjúklingabringurnar saltaðar örllítið og brúnaðar í olíu á pönnu. Því næst eru þær settar í eldfast mót. Setja allt meðlætið annað en rjómann í hreina olíu á pönnu

unni og það hrært vel saman. Því er svo hellt yfir bringurnar. Álpappír er settur yfir mótið ef það er ekki með loki. Rétturinn er síðan eldaður í ofni í ca. 45 mín við 180°C.

Að lokum skal sía soðið og laga sósuna. Þykkva hana örllítið með sósujafnara ef þurfa þykir og e.t.v. má bæta meiri appelsínusafa í hana. Að lokum skal bæta rjómanum í og það sakar ekki að hann sé þeyttur. Þá verður sósan léttari.

Gott meðlæti með þessu eru soðin hrísgrjón og epla- og gulrótarsalat.

Salat

3-4 gulgræn epli
2 meðalstórar gulrætur
2 tsk stráskykur
1 dl eplasafi
Rifnar gulrætur og epli sett í skál og stráskyri stráð yfir allt saman. Að lokum er eplasafanum hellt yfir og salatið er tilbúið.

Appelsínu- og möndluábætisréttur

5 egg
175 gr sykur
2½ msk appelsínupykknir



250 g möndlur
Ofan á:
2 msk koníak
100 gr súkkulaði
¼ l rjómi

Þeytið saman egg og sykur. Blandið appelsínupykknir og söxuðum möndlum út í. Bakið í hringformi við 170° í 45 mín. á neðstu rim í ofni.

Bleytið kökuna með 2 msk. af koníaki (má sleppa). Bræðið súkkulaðið í vatnsbaði og jafnið því yfir kökuna um leið og hún er borin fram.

Appelsínuís

3 eggjaraður

100 gr sykur
Safi úr 2 appelsínum
2 msk sítrónusafi
4 dl rjómi
Þeytið sykur og eggjaraður saman, blandið safanum saman við og hrærið varlega með sleikju. Blandið svo þeyttum rjómanum varlega saman við. Frystið.

Berið fram súkkulaðisósu með ísnum, einnig er gott að gera marsípan skálar með.

Verði ykkur að góðu. Ég skora á Sigurbjörgu Hallgrímsdóttur og Halldór Jóhannsson úr Bolungarvík að vera næstu sælkerar.

Ísafjarðarbær tekinn sem dæmi á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga

„Dagskráin að þessu sinni var nokkuð áhugaverð. Fyrri dagurinn fór einkum í að ræða almennar efnahagshorfur sveitarfélaga næsta ár, sem og í samfélaginu. Gunnlaugur A. Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga flutti mjög áhugavert erindi um afkomu sveitarfélaga á árinu

2012 og fjallaði þar bæði um núverandi stöðu mála sem og horfur næsta árs hvað snýr að sveitarfélögunum“, segir Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga og forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, um fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldin var í Reykjavík fyrir síð-

ustu helgi. Ráðstefnuna sóttu venju samkvæmt sveitarstjórnarmenn frá öllum níu sveitarfélögunum á Vestfjörðum.

„Þá var Ásgeir Jónsson hagfræðingur hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands með erindi um almennar efnahagshorfur að hausti. Eitt áhugaverðasta erindi dagsins var þó líklega erindi

Haraldar L. Línadal hagfræðings [fyrirum bæjarstjóra á Ísafirði], en þar fór hann yfir reynslu og gagnsemi fjármálareglna sveitarfélaga og notaði Ísafjarðarbæ sem dæmi um sveitarfélag þar sem vel hefur tekist til að bæta fjárhagsstöðu.“

„Mér heyrðist langflestir vera mjög ánægðir með hvernig til

tókst þetta árið“, segir Albertína og bætir við: „Það eru þó ekki eingöngu fyrirlestrarir sem skipta máli á svona ráðstefnu, heldur er það líka einfaldlega tækifærið fyrir sveitarstjórnarmenn alls staðar að af landinu að hittast og ræða málin, skiptast á reynslu- sögum og upplýsingum um hvað hefur verið að virka og hvað ekki.“

Samgönguerfiðleikar ættu ekki að hamla sameiningu

Sveitarfélögum á Vestfjörðum er gefin kostur á að tjá sig um áform velferðarráðuneytisins um að sameina Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar. Bréf ráðuneytisins hefur verið sent á sveitarfélögin þar sem tilkynnt er um væntanlega sameiningu og er óskað eftir því að athugasemdir eða ábendingar berist eigi síðar en 15. október.

Vinnuhópur 5, sem ráðuneytið setti af stað 2011 (alls átta hópa), fékk það verkefni að vinna að tillögum um sameiningu heilbrigðisstofnana. Í tillögum hópsins sem hann skilaði af sér 2012

segir um sameiningu stofnana á Vestfjörðum að árstíðabundnir samgönguerfiðleikar eigi ekki að þurfa að standa í vegi fyrir því, fyrst og fremst sé um stjórnunarlega sameiningu að ræða.

Í fjárlagafrumvarpi 2014 kemur meðal annars fram að ráðherra hafi ákveðið að sameina heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni og verður því aðeins ein í hverju heilbrigðisumdæmi í framtíðinni. Þá lækka útgjöld ríkissjóðs til heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni um 160 milljónir króna á næsta ári samkvæmt frumvarpinu.

– harpa@bb.is

Metfjöldi álagninga vegna vanrækslu

Núna um síðustu mánaðamót lagðist vanrækslugjald á eigendur rúmlega 9.000 ökutækja og hafa álagningar í einum mánuði aldrei verið fleiri frá því að þær hófust í apríl 2009. Álagningin skiptist þannig að 8.337 álagningar eru vegna þess að ökutæki voru ekki færð til lögmæltrar aðal- skoðunar og 745 ökutæki ekki til endurskoðunar.

Þetta kemur fram á vefnum sýslumenn.is. Sýslumaðurinn í Bolungarvík annast álagningu og innheimtu vanrækslugjalds-

ins.

Ein skýring á hinum mikla fjölda álagninga um þessi mánaðamót er án efa, segir þar enn- fremur, að auk þess sem gjaldið leggst á eigendur óskoðaðra öku- tækja sem færa átti til skoðunar í júlí, þar sem endastafur skráning- armerkis var 7, leggst það einnig á alla eigendur óskoðaðra ferða- vagna (hjólhýsa, tjaldvagna o.s.frv.), vélhjóla, léttra bifhjóla og fornbíla, sem samkvæmt ákvæðum reglugerðar um skoðun ökutækja áttu að færa þessi tæki sín til skoðunar í júlí og í síðasta

lagi fyrir 1. október óháð enda- staf skráningarmarkis.

Ef allir sem sættu álagningu nú um mánaðamótin brygðust við og færðu ökutæki sín til skoðunar í október og fengu þannig 50% afslátt frá álögðu gjaldi sem er 15.000 krónur, þá rynnunгу engu að síður um 68 milljónir króna í ríkissjóð. Ósagt skal látið hvort skýring á þessum aukna fjölda álag- ninga frá því sem verið hefur í október síðustu ár er aukinn trassaskapur eða verri fjárhag- ur eigenda ökutækja.



Þokkalega sáttur við stöðuna

„Miðað við það sem ég bjóst við má segja að ég sé þokkalega sáttur við stöðuna. Ég þarf til dæmis ekki að bregðast við með uppsögnum starfsfólks, því að ég hef þegar gert ráðstafanir vegna þess að ég bjóst við þessari stöðu. Ég er sáttur hvað það varðar en ég er vissulega ekki sáttur við niðurskurðinn til framhalds- skólanna. Okkur vantar meira fé til að geta rekið skólann eins og var hér áður“, segir Jón Reynir Sig- urvinsson, skólameistari Mennta- skólans á Ísafirði um fjárlaga- frumvarpið. Kennarasamband Ís- lands hefur lýst yfir miklum vonbrigðum með þá, „útreið“ sem framhaldsskólar landsins fá í frumvarpinu. Formaður Skóla-

meistarafélags Íslands sagði í samtali við Ríkisútvarpið að við fyrstu sýn virðist ástandið hræðil-legt fyrir skólana.

Jón Reynir kveðst sífellt hafa gert athugasemdir við stöðugan niðurskurð til skólans allt frá 2008 og bent á að skólinn þoli ekki slíkt. Niðurskurður hafi ekki síst verið mikill tvö síðustu árin. „Núna kemur þetta aðeins betur út, þ.e. það er ekki bætt neitt í niðurskurðinn hjá okkur. Hann er núna um eitt og hálft prósent milli ára og það er í takt við það sem var búið að gefa út. Svo er það misjafnt hvernig skólar koma út, sumir eru skornir meira niður en aðrir“, segir Jón Reynir Sig- urvinsson skólameistari.

Samþykkt samrýmdum lokunum

Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar hefur að höfðu samráði við foreldraráð leikskólanna Eyrarskjóls og Sólborgar, lagt til að leikskólarnir loki samtímis í fjórar vikur næsta sumar. Nefndin hafði fyrir í mánuðinum falið starfsmönnum Skóla- og tóms- stundasviðs að óska eftir umsögn foreldraráða leikskólanna áður en ákvörðun um samræmda sumar- lokun yrði tekin. Sigurlína Jónas- dóttir, skóla- og sérkennslufull- trúi, mælti með því að skólarnir lokuðu samtímis, tímabilið 7. júlí – 1. ágúst, en undanfarin ár hefur sumarlokun skólanna verið á þann vegg að annar leikskólinn lokar fyrst og hinn síðar. Þó hefur því verið hagað þannig að tvær vikur hafa skarast þannig að þeir hafa verið báðir lokaðir á sama tíma í tvær vikur.

Í umsögn foreldraráðs segir að það sé sammála þeim breytingum að hafa Eyrarskjól og Sólborg lokaða á sama tíma í fjórar vikur „þar sem við teljum það mikil-



Foreldraráð er samþykkt samrýmdum sumarlokunum Eyrarskjóls og Sólborgar.

vægt að fjölskyldur geti tekið sumarfrí saman. Við teljum þó að það kæmi ekki að sök þótt að börn sem eiga systkini á Eyrarskjóli myndu nýta sér pláss á leikskólanum í tvær vikur ef skólarnir yrðu ekki lokaðir á sama tíma. Fáar fjölskyldur hafa hins- vegar nýtt sér þann möguleika að færa börnin til í sumarfríunum hingað til, en við teljum að breyt-

ing gæti orðið á því ef skólarnir yrðu ekki lokaðir á sama tíma þar sem um nýjar forsendur sé að ræða. Verði tekin ákvörðun um að leikskólarnir verði lokaðir á sama tíma, þá teljum við mikil- vægt að hafa í huga, á komandi árum, að sumarlokun verði ekki lengd og ef að upp koma óskir frá ákvæðnum fjölda foreldra að ákvörðunin verði endurskoðuð.“

Fékk heilaaexli á stærð við — hafði aldrei kennt sé

breytingum eina ágúsnótt.

Vaknaði sparkandi með hægri fæti

Þriðjudaginn 6. ágúst kenndi Martha sér ekki meins. Það kvöld fóru þau hjónin yfir í Ytri-Hjarðardal II í Öfundarfirði til að aðstoða Jón Jens bróður Dúa og Kolbrúnu konu hans við flutninga en þau hugðust flytja daginn eftir. Dúi og Martha keyptu jörðina af þeim í byrjun árs og voru þennan dag að taka við fullum búsförðum. Reka þau því tvö heimili, annars vegar í Hjarðardal og hins vegar á Ísafirði.

„Það var því heilmikið framundan þann daginn og allt gekk bara vel. Við fórum aftur yfir á Ísafjörð en um klukkan hálfítt um nóttina vakna ég við að ég er að sparka með hægri fætinum og gat ekkert gert til að stoppa það. Ég vakti Dúa og það hann að hringja í lækni en sagði svo „nei, þetta hættir örugglega og þá er leiðinlegt að vera búin að vekja lækni.“ En þetta hætti ekki heldur jukust kippirnir og færðu sig upp eftir líkamanum hægra megin og höndin fór að kippast eitthvað líka. Dúi hringdi í lækinn, sem kom strax til okkar. Sem betur fer var Dúi búinn að hjálpa mér í hnésíðar íþróttabuxur áður en lækinn kom því það hefði verið skammarlegt ef hann hefði komið að mér á nærbuxunum, nógu skammarlegt var að vera í bol með áletruninni „Mjólk er góð“ sem dóttir mín fékk á einhverjum Andrésar andar leikunum,“ segir Martha.

Læknirinn var fljótur að átta sig á því að hér var eitthvað meira um að ræða en slæmur sinadráttur og það Dúa að hringja eftir sjúkrahúsi til að flytja hana á sjúkrahúsið á Ísafirði. Hann sprautaði Mörthu niður með „einhverjum vel völdum lyfjum“ og kveðst hún muna lítið eftir því sem gerðist eftir það. „Mér er sagt að ég hafi verið sett í fína sneið-myndatækið sem Ísfirðingar og nærsveitamenn söfnuðu sér fyrir um árið. Þá kom í ljós að ég var með stórt æxli í heila,“ segir hún.

Dúi varð eftir heima þegar hún var flutt á sjúkrahúsið því börnin voru sofandi og hann taldi ekki rétt að vekja þau um miðja nótt vegna þessa. „Þegar þetta gerðist þarna um nóttina vissi ég ekkert hvað var að gerast. Ég sofna eftir svolitla stund eftir að farið var með Mörthu og vakna síðan við að síminn minn hringir. Örn Er-

lendur [Ingason] læknir var í símanum og sagði mér að hún hefði greinst með heilaaexli og beðið væri eftir sjúkravél og ég gæti farið með. Ég hringi í tengdamóður mína og bið hana um að koma og vera hjá krökkunum, vek þau svo og segi þeim að mamma sé mikið veik og sé að fara til Reykjavíkur til læknis,“ segir hann.

Kæmist kannski aldrei aftur heim

Martha man ekki mikið eftir því sem fram fór á sjúkrahúsinu þessa nótt, nema örfá augnablik þegar verið var að undirbúa hana fyrir flugið. „Ég man að ég vildi fá að fara á klósett áður en ég færi í vélinu en hjúkrunarfræðingar sögðu að það væri ekki tími en hægt væri að setja á mig bleiu. Ég var ekki sátt við það og sagði að þessi flugvél færi ekkert án mín og gæti alveg beðið eftir að ég pissaði. Og ég fékk mínu framgengt. Hvort þetta er rétt munað veit ég ekki en hitt veit ég að hjúkurnar eru bundnar þagnarskyldu og geta því ekki leiðrétt mig ef ég fer ekki rétt með. Annað man ég líka, það er svipurinn á nokkrum starfsmönnum á sjúkrahúsinu. Það var svo greinilegt að þeim var ekki sama um það sem var að gerast og að þeim var verulega brugðið. Einhverra hluta vegna nýttist þetta mér sem eldsneyti í framhaldið.

Svo var flogið suður. Ferðalagið var stutt og þægilegt enda flugvöllurinn í Reykjavík vel staðsettur og ég búin að gleyma ástæðunni fyrir því að ég var flutt suður. Þegar ég kom á sjúkrahúsið man ég að ég er spurð hvort ég hafi ekki farið í sneiðmyndatækið á Ísafirði. Nei nei sagði ég. Dúi, sem hafði ekki fengið nein lyf, gat svarað fyrir mig að jú, ég hefði farið í tækið og væri með heilaaexli. Sem voru nýjar fréttir fyrir mig!“

Restin af þeim degi var þeim erfið. Kjarabaráttu geislafræðinga við stjórnendur Landspítalans stóð sem hæst og ekki var hægt að taka betri myndir af æxlunni fyrir en næsta dag. Þau gátu átt von á því versta en vonuðu hið besta.

„Það var skrítn tilfinning sem fór um mig þegar ég hugsaði um það að kannski kæmist ég bara aldrei aftur heim og kannski myndi yngsta barnið mitt ekki einu sinni muna eftir mér þegar hún yxi úr grasi. Ég gerði aum-

ingja Dúa grein fyrir því að ég kærdi mig ekkert um að hann kæmi með aðra konu á heimilið ef ég færi og ég kærdi mig ekkert um að önnur kona kæmi nálægt uppeldinu á börnunum okkar. Eitthvað fleira ræddum við í þessum dúr.

Þennan dag var strax farið að búa mig undir aðgerð með lyfjagjöf. Bæði þurfti ég lyf til að draga úr kippum í hægri hlið líkamans og stera til að minnka bjúgin í kringum æxlið þannig að sennilega var ég, sem er óvön lyfjum, mun afslappaðri en fólkið í kringum mig,“ segir Martha.

Hún segir álagið á eiginmanninn hafa verið mikið. Ofan á veikindi hennar hafi hann skipulagt þösson fyrir börnin næstu daga á Ísafirði, komið sinni vinnu yfir á aðra, hringt í ættingja til að láta vita reglulega af stöðu mála, reiddað öllu því sem reidda þurfti og allt í gegnum síma. „Starfsfólkið á sjúkrahúsinu var skilningsríkt og gott og Dúi fékk meira að segja sjúkrarúm inn á stofuna til mín og svaf þar fyrstu nóttina mína á sjúkrahúsinu.“

„Smemmtu. Þér vel skottid mitt, en ég daldid dópud núna, en ég fjila tad“

Dúi lýsir þessum degi sem einni heljarinnar rússíbanareíð. Ekki var vitað hvort æxlið væri illkynja eða góðkynja. „Framtíðin einhvern veginn verður svo óviss. Áætlanir og plön hverfa úr huganum eins og dögg fyrir sólu. Biðtíminn var mjög erfiður og þekking á þessum sjúkdómi var ekki nein, því ekki les maður sér til um þessa hluti sér til skemmtunar. Martha tók þessu af ótrúlegri yfirvegum allan tímann. Það kom mér síðan á óvart að þegar greiningin kom og æxlið reyndist góðkynja, að maður bara kinkaði kolli og brosti, eins og maður hefði undir niðri alltaf trúað að það væri góðkynja. En það er nú oft þannig að þeim sem heima sitja líður verst, ættingjum og vinum sem ekki geta fylgst með frá mínútu til mínútu.

Facebook hjálpaði til við samskiptin við stórfjölskylduna og aðra velunnara því hringjum er erfitt við að koma við þessar aðstæður. Arnheiður dóttir mín var til dæmis á fyrsta degi á skólaferðalagi á Tenerife þegar ég hringdi í hana og þá var allt óvíst varðandi hvers kyns æxlið var og ég reyndi að segja henni frá þessu á sem nærgætnastan hátt.

Arnheiður sendi Mörthu svo fallett sms seinna um daginn og Martha svarar því: „Smemmtu. Þér vel skottid mitt, en ég daldid dópud núna, en ég fjila tad.“ Hún vildi ekki eyðileggja skólaferðalagið fyrir Arnheiði og var örflítið dofin af öllum lyfjunum,“ segir hann.

Þegar suður var komið taldi Dúi að þau væru að fara í mikla óvissuferð um heilbrigðiskerfið þar sem lýsingar fólks á því síðustu misseri voru þannig að hann bjóst ekki við góðu. „Ég hélt að við myndum rekast alls staðar á veggi varðandi meðhöndlun og fagmennsku. Ég hafði strax samband við lækna sem okkur eru kunnugir og viðraði það hvort leita ætti lækninga erlendis, einhver svona paník-hugdetta. Mér var sagt að að biða með það um sinn. Enda kom það strax í ljós að áhyggjurnar reyndust óþarfar. Það er næstum ólýsanlegt hversu frábært starfsfólk er í íslensku heilbrigðiskerfi, allt frá fyrstu hjálp hér á Ísafirði og í gegnum allar deildirnar frá bráðamóttöku til gjörgæslu í Reykjavík. Sú deild sem sá um aðgerðina og meðhöndlunina virtist hafa upp á bestu tæki og þekkingu að bjóða sem völ var á, en auðvitað kemur maður þarna inn sem leikmaður,“ segir Dúi.

Heilaskurðlæknirinn sótti kók handa sjúklingnum

Aron Björnsson, heila- og taugaskurðlæknir og yfirlæknir á heila-, tauga- og bæklunar-skurðeild Landspítalans í Fossvogi, framkvæmdi heilaskurðaðgerð á Mörthu viku eftir að hún greinist eða miðvikudaginn 14. ágúst. „Ég kynntist Aroni býsna vel fyrir aðgerðina. Komst til dæmis að því að hann var álfka mikill kókisti og ég, sem varð til þess að þegar ég loksins mátti borða, sólarhring eftir aðgerðina, þá hljóp hann til og sótti ískalt kók fyrir mig af efstu hæð niður á þá neðstu,“ segir Martha.

Meðan á aðgerðinni stóð beið Dúi fregna. Hann sat nánast allan tímann og fylgdist með klukkunni. Samdi í hugandum skilaboð sem hann hugðist setja á Facebook, bæði jákvæð og neikvæð. „Þegar læknirinn hringdi svo þegar aðgerðinni var loks lokið eftir fimm tíma var ég fljótur að setja inn skilaboðin um það að allt hefði gengið vel og fór svo af einhverjum ástæðum í klippingu. Mætti svo til Mörthu á gjörgæsl-

10. OKT - 15. OKT
★ **Ísaharðarbið** ★
Elsta samfelld starfandi bio á Íslandi
DOLBY DIGITAL 3D Facebook Ísaharðarbið skemmtun.is

AUKASÝNING
Á ÞESSARI FRÁBÆRU SPENNUMYND
LESTU DÓMANA UM
ÞESSA A NETINGU VA...
BEINT Á TOPPINN Í USA.
PRISONERS 16
FIMMTUDAG 10. OKT KL 8

NY MYND EFTIR RAGNAR BRAGASON
11. OKTÓBER
MÁLMAUS 12
FÖSTUDAG 11. OKT KL 8
LAUGARDAG 12. OKT KL 8
ÞRIÐJUDAG 15. OKT KL 8

ÍS. TAL
TURBO
SYND BÆDI Í 2D OG 3D
3D UM HELGINA
LAUGARDAG 12. OKT KL 3. Í 2D
SUNNUDAG 13. OKT KL 3. Í 3D

SÖNN SAGA OKUPÓRANNA
JAMES HUNT OG NIKI LAUDA
RUSH 12
SUNNUDAG 13. OKT KL 8
MÁNUDAG 14. OKT KL 8

sítrónu r meins

una um fimmleytið. Þar var hún tengd við hin ýmsu tæki og hjúkr-unarfræðingur á stöðugum þön-um við að halda henni í jafnvægi með lyfja- og blóðgjöf. Mér fannst þetta mjög óhugnanlegt allt saman og hrökk við þegar tækin byrjuðu að pípa og eitthvert línuritið fór, að mér fannst, óeðli-lega hátt eða of lágt á skjánum. Þetta jafnaði sig svo allt smám saman.“

„Kær kveðja, Martha sítrónuheili“

Martha var útskrifuð á almenna deild morguninn eftir aðgerðina. Fjölskylda og vinir sem fylgdust með framvindu mála á Facebook sáu fljótt að þrátt fyrir óhugnan-legar fréttir voru húmorinn og jákvæðnin aldrei langt undan hjá Mörthu. Skrifaði undir færslur sínar „Kær kveðja, Martha sítrónuheili“ og setti inn broslegar myndir af sér á sjúkrahúsinu. Gantaðist líka með það að nótina fyrir aðgerðina „þegar sítrónan fræga var tekin“ hafi hún átt ör-lítið erfitt með að sofna og upp í hugann hafi komið brot úr lagi og textinn „engu er að kvíða, hugsaðu helst ekkert“. Hún mundi ekkert annað úr laginu og komst síðar að því að hún hafði ruglað saman textabroti úr söngleiknum Hárinu við lag úr söngleiknum Súperstar. „Gott að ég fann það ekki fyrir aðgerðina. Þessi veröld getur velkst án þín er ekki eins uppörvandi lína og engu er að kvíða, hugsaðu helst ekkert.“

Dúi segir hana hafa sýnt ótrú-legan styrk meðan á þessu stóð og það hafi hjálpað honum sjálf-um að ganga í gegnum þessa erfiðu daga. Þegar slík vá ber að dyrum sé það ekki auðvelt að taka því með ró. „En þegar grein-ingin kom og dauðadómur var ekki í farvatninu varð allt svo létt, og eftirköst sem okkur voru boðuð eftir aðgerð voru hlægileg í okkar augum. Bílprófssvipting, hreyfigeta skert og fleira, ekkert mál miðað við það hvað hefði getað orðið ef æxlið hefði reynst illkynja,“ segir hann.

Æxlið var á svæði í vinstra heilahveli sem stjórnar hreyfing-um fyrir hægri hluta líkamans. Þegar æxlið var tekið rispaðist yfirborð heilans og þar af leiðandi vaknaði Martha lömuð í ökkla og tám á hægri fæti og dálítið slöpp og dofin í restinni af hægri hliðinni. „Í dag er ég komin með mátt í bæði ökkla og tærnar og vantar lítið upp á að hafa náð



fyrri krafti í hægri hliðina. Annað tel ég ekki hafa skaðast, en ég var náttúrulega aldrei fullkomin. Það fer mikil orka í að jafna sig eftir svona aðgerð, ekki neitt æxl-istengt endilega, heldur inngripið og áreitið á heilann. Ég er ekki með fulla starfsorku ennþá og komst ekki einu sinni í smala-mennskuna þetta árið. Fyrirfram gerði ég mér hugmyndir um að ég yrði með skelfilegan hausverk eftir aðgerðina, en hann var ekk-ert mikill og mjög fljótlega eftir aðgerð var tilfinningin líkust því að ég væri með svolítið strekka brúðkaupsgreiðslu í hárinu. En í dag er ég algjörlega laus við

verki,“ segir hún.

Enn að hitta fólk sem faðmar mig á götum úti

Aðspurð hvernig börn þeirra hjóna hafi tekið veikindum Mörthu segja þau að þeim hafi þótt skrytið að fá mömmu sína heim stutthærða með hækju og risastórt ör á hausnum. „En þau vöndust því þó fljótt enda veik-indin rædd opinskátt heima. Guð-rún Hrafnhildur, yngsta stelpa okkar, gerði sér það fljótt að leik að reyna að kippa undan mér hækjunni, þannig að hækjan var fljótt komin út í horn. Sigurður Oddur sonur okkar var að byrja í

skóla í haust og voru helstu væntingar okkar eftir uppskurð-inn að komast heim fyrir fyrsta skóladag og við náðum því.

Það var svo gott að koma heim og fara að glíma við hversdaginn aftur. Jóhanna María og Unnur Eyrún, unglingarnir á heimilinu, voru komnar með stærra hlutverk í heimilisstörfunum og voru jafnvel búnar að læra á þvottavél-ina. Allir hlutir voru sínum skorð-um, nema hvað heimilið var hreinna en venjulega ef eitthvað var. Það er ekki auðvelt að yfir-gefa stórt heimili og sauðfjárbú án fyrirvara en þar sem við búum að því að eiga stóra fjölskyldu

hér á svæðinu gekk þetta allt upp, alveg frá því að ná heyrillum af túni til þess að lesa fyrir börnin fyrir svefninn. Ekki má heldur gleyma okkar fólki fyrir sunnan sem var einnig ómetanlegt að eiga að meðan á þessu stóð.

Það var ótrúlegt að koma heim og hitta ættingja, vini og kunn-ingja. Viðmótið sem ég fékk frá fólki, jafnt nákunnugum sem lítt kunnugum, var ótrúlegt. Það er eitthvað sem aldrei gleymist og ég er enn að hitta fólk sem faðmar mig á götum úti þegar ég skrepp í bæinn,“ segir Martha Örnólfs-dóttir.

– harpa@bb.is



Boltinn í beinni...

Föstudagur 11. október
kl. 18:35 England - Svartfj.land
Laugardagur 12. október
kl. 10:55 Kórea - Brasilía

Dagar Íslands

10. október 1899: Þrír Vestfirðingar fórust en sýslumaður Ísfirðinga, Hannes Hafstein, og tveir aðrir björguðust naumlega þegar enskur togari sigldi á bát þeirra. Togarinn var að ólöggleiðum veiðum í Dýrafirði.

10. október 1946: Mikill fjöldi víghnatta (glóandi loftsteina) sást víða á Norðurlandi og Austurlandi. Á Kópaskeri töldu menn 400 vígahnetti á 20 mín.

11. október 1987: Spænsk þota nauðlenti 50 sjómílur vestur af Reykjanesi. Sex menn komust í gúmmibjörgunarbát og var bjargað um borð í Þorlák ÁR. Þotan hafði orðið bensínlaus í 7km hæð og var á 200 km hraða þegar hún snerti sjóinn.

12. október 1949: Fyrsta bifreiðin fór um veginn frá Ísafirði til Bolungarvíkur og opnaðist þar með leiðin milli þessara staða. Ökumaður var Sigurður Bjarnason, alþingismaður en meðal farþega voru Einar Guðfinnsson og Hannibal Valdimarsson.

13. október 1987: Kýr synti yfir Öfundarfjörð, frá Flateyri að Kirkjuból í Valþjófsdal. Hún hafði verið leidd til slátrunar en reif sig lausa og lagðist til sunds. Kýrin hét Harpa en eftir afrekið var hún alltaf kölluð Sæunn.

15. október 1975: Fiskveiðilögsagan var færð út í 200 sjómílur. Hafsvæði innan lögsögunnar er 758 þúsund ferkílómetrar en var fyrir 216 þúsund ferkílómetrar.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Sunnan og síðar suðaustan 8-15 m/s og súld með köflum sunnan- og vestanlands, en annars hægari vindur. Hiti 7-13 stig, hlýjast NA-lands.

Horfur á laugardag:

Sunnan og síðar suðaustan 8-15 m/s og súld með köflum sunnan- og vestanlands, en annars hægari vindur.

Horfur á sunnudag:

Fremur hæg SA-læg átt, skýjað með köflum eða bjartviðri og þurr að kalla.

Krossgátan

	Jón Steingr.	Röskun	Armur Líta	↘	Rás	↘	Hjálpa	↘	Sund Hár
	→		Vesæla		Tvíhlj.				
	Veikburða						↘	Á fæti	
	↘					Kjökur			
	Orðróm					Þíða			
	Áköf					Sigta			
					Alúð				
Bæn	↓	Leiðinda			✓				
		Eins um O							
↘					Afar			↓	Vetni
					Birta				Ókunnur
Efa-blendni					Heiðra				
					Rásin				
Á endum			Skessa				Sár		
			Dauði				Gort		
Tala		Vetni		Dauði					500
Skammir-nar		Pípan		Pot					Deytt
↘						Sérhlj.		↘	Eink. st.
						Utan			
Ógæfu					Skólatími				
Stúlka					Heima-brugg				
↘			Ættsveit				Á fæti		Nabbinn
			Lítið herbergi				Hand-leggir		
Hljóð-færið						Ilma			
Hespa						Samtök			
↘				Átt		Maður			
				Tré		Sameind			
Átt		Prestfrú Eins						Bæn	
		Tónn						↘	
Gróða-brall	↘					Áttir			Fyrstur
						Samhlj.			Einn
↘					Veghluti				

VERKSTÆÐI
STEFÁNS
ARNAR

- ✓ Allar almennar bílaviðgerðir
- ✓ Rúðuskipti

Sindragata 10, 400 Ísafirði
Sími: 456 2310 / 869 6852

Finndu mig á [facebook](#)



HRADFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda



			Á			H				F
	⇒	S	K	Y	L	D	I	↻	L	
		K	Ó	L	E	R	U	N	A	
⌘	↓		H	O	K	U	R		R	O
P	R	Ó	A	R		R	A	F	T	K
	U	M	B	U	N		R	A	U	K
	S		Í	N	A	B		S	N	U
	L	Á	T		F	R	E	T	A	R
F	I	Ð	U	R		O	R	M		↓
	N		R	A	F	T		Æ	R	V
S	U	S		M	E	I	T	L	A	E
	↻	K	O	M	I	Ð	↻	I	Ð	R
S	T	O	P	U	L		F		A	A
	Ó	L	A	R		D	Y	L		↓
A	M	T		K	A	R	R	A	H	A
	A	U	S	A	N	I	I		Ó	Ð
Ó	T	R	Ú	R	A	F	R	O	H	↻

Sudoku þrautir

8	9	7		6				
1		6			5			
	4		8		9			
		8				4		
	3	9	2	8	6	1	7	
		1				2		
			7		3		6	
			6			9		4
				9		7	1	2

7		4				1		6
	8			5	7			
	2		6					
			4	1				7
8	1						4	5
2				3	8			
					6		5	
			9	4			3	
5		2				4		8

Lagt hald á kannabisefni á leið vestur

Lögreglan á Vestfjörðum lagði hald á um 70 grömm af kannabisefnum aðfaranótt sunnudags en efnin fundust í bíl sem var á leið frá Reykjavík til Ísafjarðar. Þrjú ungmenni voru í bílnum, tvær stúlkur og karlmaður. Önnur stúlkanna var bílstjóri og er hún grunuð um að hafa ekið bílnum undir áhrifum fíkniefna. Þau voru öll handtekin og færð á lögreglustöðina á Ísafirði þar sem þau voru yfirheyrð á sunnudag og síðan sleppt.

Grunur leikur á að efni þessi hafi átt að fara í umferð á norðanverðum Vestfjörðum en með aðgerðum lögreglunnar tókst að koma í veg fyrir það. Fólk þetta hefur áður komið við sögu vegna fíkniefnamála.

Við þetta tækifæri vill lögreglan á Vestfjörðum hvetja alla sem einhverja vitneskju hafa um fíkniefnameðhöndlun að gera viðvart, annað hvort með því að hafa beint samband við lögreglu í síma 450 3730 eða í upplýsingasíma lögreglu og tolls, sem er 800 5005. Fullri nafnleynir er heitið.

Guðmundur semur við KFÍ á ný

Bolvíkingurinn Guðmundur Jóhann Guðmundsson hefur samið að nýju við Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar. „Eins og við höfum sagt áður eru strákarnir okkar mikilvægur hlekkur í keðjunni og þar er Gummi engin undantekning. Við erum ákaflega glöð yfir því að allir drengirnir hafa sett nafn sitt á blað og nú fer leikmannalisti okkar að verða tilbúinn,“ segir á vef KFÍ.

Guðmundur leikur stöðu bakvarðar og hefur meðal annars spilað með liði Tindastóls og var einnig í úrtakshópi U-18 ára landsliðsins á sínum tíma. Hann hefur verið tilnefndur sem Íþróttamaður ársins í Bolungarvík nokkrum sinnum.

smáar

Til sölu er 2 stk. 90 cm rafmagnsrúm. eru nýleg og líta mjög vel út. Uppl. í síma 456 7416.

Er í atvinnuleit á Ísafirði. Er með meirapróf og vinnuvélaréttindi. Ýmislegt kemur til greina. Uppl. í síma 895 4115.

Til sölu er þvottavél (12 ára) og þurrkari (eldri). Selst saman á kr. 37.000. Bæði í góðu standi. Uppl. í síma 892 5362.

Þjónustuauglýsingar

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

66°N **Sjóvinnufatnaður**
Stígvél og vettlingar
Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

BÍLAVERIÐ ehf
Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta **Smáviðgerðir**

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

Öll almenn húsmíði
HÚSAMÍÐI ehf

Bolungavík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir **GLERBORG**

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910
VESTFJARÐA ehf

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Bílasala
456 3800
Bílaverkstæði
456 4580

BÍLATANGI HF.
ÍSAFIRÐI

Suðurgötu 9

Kampi ehf

Rækjuvinnsla:
Sindragötu 1 • 400 Ísafjörður • Sími: 450 4000
Fiskvinnsla:
Hafnargötu 90 • 415 Bolungarvík • Sími 450 7507 / 863 2600

FJARKINN

4x10 lítra á 2 sleðum.
Mál: 50 x 38/35cm

Gámapjónusta Vestfjarða ehf

Sími: 456 3710
gamarvest.is



7 ára ábyrgð á öllum
nýjum Kia bílum.

www.kia.com

Með augu í hnakknum

Kia Sportage Xtra með glerpaki og bakkmyndavél



420.000 kr. kaupauki

fylgir nýjum Kia Sportage – fyrstir koma fyrstir fá

Vetrardekk, dráttarbeisli og 100.000 kr. eldsneytiskort **NI**

SPORTAGE



The Power to Surprise

Kia Sportage Xtra – í ábyrgð til 2020

Eigum nokkra sérútbúna Kia Sportage með glæsilegum aukahlutapakka á frábærum kjörum. Glerpak, leiðsögukerfi með íslenskri götuskrá, bakkmyndavél og enn vandaðra hljóðkerfi. Aukahlutapakinn kostar aðeins 300.000 kr. en listaverð er 600.000 kr.

Kia Sportage hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga. Hann er öflugur og tilbúinn í allar aðstæður og **eyðir þó aðeins frá 5,7 l/100 km** í blönduðum akstri. **7 ára ábyrgð er á nýjum Kia Sportage** líkt og á öllum nýjum Kia bílum.

Komdu við í sýningarsal Öskju að Krókhálsi 11 eða hjá umboðsmönnum okkar á Akranesi, Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi og í Reykjanesbæ og kynntu þér þennan framúrskarandi bíl. **Við tökum vel á móti þér.**



*M.v. 50% útborgun eða upptökubíll að sambærilegu verðmæti og bílasamning ERGO í 84 mánuði. 9,7% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallistala kostnaðar 11,71%.

Verð frá **5.990.777 kr.**

2,0 dísil, beinskiptur 6 gíra, 4wd

Aðeins **51.777 kr.** á mánuði í 84 mánuði*



Þú finnur „Kia Motors Ísland“
á Facebook



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.